

Umhverfis-, orku- loftslags- og húsnæðismál

Ályktun Haustþings
Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Akranesi

29. október 2025



Umhverfis- og loftslagsmál

- **Haustþing SSV lýsir verulegum áhyggjum vegna þeirra áforma sem kynnt hafa verið um breytingar á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Þingið lýsir eindreginni andstöðu við að færa verkefni heilbrigðiseftirlits úr nærsamfélaginu yfir til ríkisstofnana, enda verði þá eftirliti sem kallar á staðbundna þekkingu ábótavant og eftirlit heilt yfir kostnaðarsamara, meðal annars fyrir sveitarfélögin sjálf. Haustþing tekur undir umsögn Heilbrigðisnefndar Vesturlands dags. 19. september 2025, og hvetur ríkisstjórnina til að eiga meira og víðtækara samráð við hagaðila um breytingarnar en raunin hefur verið hingað til.**

Þær breytingar sem kynntar hafa verið fela í sér að reglubundið eftirlit sem heyrir undir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga myndi færast undir tvær ríkisstofnanir. Allt matvælaeftirlit yrði á forræði Matvælastofnunar og eftirlit vegna hollustuhátta og mengunarvarna á forræði Umhverfis- og orkustofnunar. Þessi ákvörðun myndi fela í sér að eftirlit sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sinnir í einni eftirlitsferð myndi verða á forræði tveggja stofnana og því líklega fela í sér helmingshækkun eftirlitsgjalda, m.a. fyrir sveitarfélögin sem reka skóla og leikskóla en einnig fyrir fyrirtæki þar sem seldur er og framleiddur matur. Þetta leiðir einnig til innbyggðrar sóunar í kerfi þar sem tvær heimsóknir þarf frá tveimur ríkisstofnunum til að sinna því sem heilbrigðisfulltrúi sinnir í einni heimsókn í dag.

Ekki er fjallað um í tillögunum hvað verður um önnur verkefni sem heilbrigðiseftirlitin sinna, s.s. loftgæðamál, hávaðamál, mál sem tengjast menguðum jarðvegi, vatnaáætlanir, viðbrögð við kvörtunum íbúa o.fl. Útlit er því fyrir að með tillögunum verði tekjuberandi verkefni flutt frá heilbrigðiseftirlitunum til ríkisstofnana en verkefni sem skila engum tekjum skilin eftir á forræði heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga.

Í formlegu áminningarbréfi ESA er bent á að skorti á samræmingu og gagnsæi í yfirstjórn og framkvæmd eftirlits, gagnrýnin snýr ekki að því að heilbrigðiseftirlitssvæðin sinni ekki hlutverki sínu. Því hvetur haustþing SSV ríkisstjórnina til að fara frekar þá leið að efla samræmingarhlutverk UOS og MAST með skýru boðvaldi og nægu fjármagni til að stofnanirnar geti sinnt því hlutverki sem þegar er skilgreint í lögum en hefur ekki verið sinnt af fullum þunga. Einnig þarf að vinna að því að samræma verklag, gagnagrunna, gátlista, gjaldskrár og þjálfun starfsfólks um allt land og styrkja þannig heilbrigðiseftirlitssvæðin í stað þess að veikja þau.

- **Haustþing SSV krefst þess að ríkið komi að uppbyggingu hátækni sorpbrennslu í landinu.**
- **Haustþing SSV skorar á ríkið að finna ásættanlega lausn varðandi förgun dýraleifa þar sem áhersla verður lögð á öruggan farveg fyrir förgun áhættuvefja.**

Þrenging á heimildum urðunarstaða til urðunar sláturúrgangs/dýrahæja kallar á aðkomu ríkisins að verkefninu, þar sem augljóslega reynir á skyldur ríkisins varðandi EES-samninginn.

- **Haustþing SSV skorar á sveitarfélögin á Vesturlandi að leitast við að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í allri sinni starfsemi og miða ákvarðanatöku við að reyna að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af henni.**

Haustþing SSV tekur undir mikilvægi aðgerða í umhverfismálum, sem kalla á margvíslegar leiðir til að ná markmiðum ríkisstjórnarinnar sem hafa verið settar fram í loftslagsmálum og öðrum umhverfismálum.

Mikil áhersla verður á komandi árum á loftslagsmál og getur Vesturland verið þar í fararbroddi. Environice vann ítarlega skýrslu fyrir SSV um kolefnisspor Vesturlands. Í skýrslunni sem kynnt var vorið 2021 voru jafnframt tillögur að aðgerðum til þess að draga úr kolefnislosun á Vesturlandi sem mikilvægt er að nýta.

- **Haustþing SSV krefst þess að umgjörð og eftirlit með fiskeldi, þá sérstaklega í sjókvíum, verði með þeim hætti að umhverfi og lífríki stafi ekki hættu af.**

Fiskeldi er ört vaxandi iðnaður, en regluverk í kringum starfseminna er veikt. Tímabært er að setja starfseminni skýran lagaramma og að eftirlit með greininni verði virkt.

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að móta sameiginlega landsstefnu í loftslagsmálum sveitarfélaga, byggja á gagnsæjum markmiðum og mælanlegum árangri, veita faglegan og fjárhagslegan stuðning við framkvæmd stefnu og aðgerðaáætlana á vettvangi sveitarfélaga og tryggja reglulega eftirfylgni og endurskoðun á loftslagsmarkmiðum með aðkomu sveitarstjórna og íbúa.**

Loftslagsbreytingar eru stærsta áskorun samtímans og krefjast samstilltra aðgerða á öllum stjórnsýslustigum. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í daglegu lífi landsmanna — í skipulagsmálum, samgöngum, úrgangsstjórnun, orkunotkun og innviðum — og þar með í mótun raunverulegra loftslagslausna. Samstarf og gagnkvæmur stuðningur sveitarfélaga og ríkisins er forsenda þess að raunverulegur árangur náist í loftslagsmálum til lengri tíma.

Orkumál

- **Haustþing SSV skorar á Alþingi að tryggja með lagaumgjörð, nægt framboð af raforku til heimila og minni fyrirtækja alls staðar á landinu. Einnig þarf að tryggja virka þróun og vöxt fyrirtækja sem og íbúðauppbyggingu auk þess að stuðla að uppbyggingu nýrra fjölbreyttra atvinnutækifæra.**

Mikilvægt er að tryggð verði raforka til húshitunar og til minni fyrirtækja á sanngjörnu verði. Þá þarf að bæta innviðina og tryggja að hægt sé að flytja raforku á þá staði sem þarf á hverjum tíma. Mikilvægt er að til verði raforka fyrir fyrirtæki alls staðar á landinu því raforkuskortur hamlar atvinnuuppbyggingu. Huga þarf einnig að frístunda- og heilsárshúsum í þessu samhengi.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að tryggja jöfnun í dreifingu og kostnaði raforku í landinu.**

Mikilvæg aðgerð til að ná markmiðum ríkisstjórnar í loftslagsmálum er að ríkið tryggi jöfnun í dreifingu og kostnaði raforku í landinu. Haustþing SSV hvetur því Alþingi til að taka til allsherjar endurskoðunar lagaramma um flutningskerfi raforku og halda áfram að jafna orkukostnað til húshitunar, með það að markmiði að bæta lífskjör íbúa á köldum svæðum. Jafnframt verði stutt við framkvæmdir sem ráðist er í til að greiða fyrir orkuskiptum og lækka orkukostnað heimila og fyrirtækja á köldum svæðum.

- **Haustþing SSV skorar á ríkið að leiðrétta þann mikla mun sem er á kostnaði við húshitun með rafmagni og hitaveitu.**

Nauðsynlegt er að raforkuverð til húshitunar á köldum svæðum verði ásættanlegt og ekki hærra en meðalverð hjá hitaveitum til að tryggja neytendavernd. Sama á einnig við um fjarvarmaveitur og þau sveitarfélög á köldum svæðum sem notast við raforku til að kynda t.d íþróttamannvirki og sundlaugar sem eru notuð í almannapágu.

- **Haustþing SSV skorar á ráðherra umhverfis-, orku- og loftslagsmála að veita auknu fjármagni til Loftslags- og orkusjóðs og annara aðila sem styðja við nýjar lausnir og leiðir til húshitunar á köldum svæðum sem og að kortleggja frekari nýtingarkosti á öðrum svæðum.**

Gríðarleg þörf er fyrir aukið fjármagn í gegnum Loftslags- og orkusjóð til kaldra svæða þar sem nýjar lausnir og leiðir hafa verið að ryðja sér til rúms að undanfögnu sem geta leitt til orkusparnaðar og betri nýtingar auðlinda. Hið sama gildir um önnur svæði þar sem aukin eftirspurn er eftir meiri orku. Þá er þörf á aukinni þekkingu og fræðslu til íbúa varðandi nýjar lausnir.

- **Haustþing SSV lýsir áhyggjum yfir því að framkvæmdum við lagningu Holtavörðuheiðarlínu, frá Brennimer í Hrútatungu, hafi verið seinkað í fyrirliggjandi áætlunum. Framleiðsla og flutningur á raforku skapar**

mikil verðmæti fyrir íslenskt samfélag. Það er óviðunandi að sú verðmætasköpun sé á kostnað landeigenda á línuleið flutningsmannvirkja og sanngirnismál að greitt sé eðlilegt verð fyrir það land sem tekið er undir slík mannvirki. Mikilvægt er að undirbúningur haldi óslitið áfram og framkvæmdir við stofnlínu hefjist sem fyrst.

Línan, 220 kV raflína, verður hluti af nýrri kynslóð byggðalínu. Meginmarkmið með byggingu hennar er að auka afhendingaröryggi og afhendingargetu á landinu og tryggja að flutningskerfið standi ekki í vegi fyrir atvinnuuppbyggingu og eðlilegri þróun byggða á landinu

Línan mun hafa talsverð áhrif á aðra nýtingu lands og umhverfis á línuleið og hafa íbúar nærliggjandi svæða lýst yfir áhyggjum sínum af fyrirhuguðum framkvæmdum. Það er óviðunandi að sú verðmætasköpun sem verður til fyrir landið allt sé á kostnað landeigenda á línuleið flutningsmannvirkjanna og því hlýtur það verð sem greitt er fyrir land undir slík mannvirki að taka mið af þeim skorðum sem línan setur á nýtingu lands og þeim miklu verðmætum sem línunni er ætlað að skapa.

- **Haustþing SSV skorar á Landsnet að leggja nýja stofnlínu frá Glerárskógum í Dalabyggð að Vogaskeiði á Snæfellsnesi og endurnýja stofnlínu frá Vatnshömrum í Vegamót.**

Nauðsynlegt er að endurnýja svæðisstofnlínuna á Snæfellsnesi, frá Vatnshömrum í Vegamót, en hún er tæplega 50 ára gömul og 62 km löng og með takmarkaða flutningsgetu. Auka þarf flutningsgetu línunnar með spennuhækkun í 132 kV. Það leysir spennuvandamál, bætir afhendingaröryggi og aðgengi að raforku sem í dag er ábótavant. Þá er afar brýnt að leggja 132 kV stofnlínu frá Glerárskógum í Dalabyggð í Vogaskeið á Snæfellsnesi. Þessi lína myndi skapa hringtenginu (N-1) á Snæfellsnesi og auka verulega afhendingaröryggi rafmagns þar og í Dalabyggð.

- **Haustþing SSV leggur áherslu á að mikilvægt er að endurnýja stofnlínuna frá Hrútatungu í Glerárskóga og svæðislínuna á Akranes.**

Mikilvægt er að endurnýja stofnlínuna frá Hrútatungu í Glerárskóga til að tryggja aukið afhendingaröryggi, auk þess að efla svæðislínuna á Akranes þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir við orkusækin fyrirtæki á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit.

- **Haustþing SSV leggur áherslu á að tryggt sé nægt varaafli á Vesturlandi.**

Varaafstöðvar eru komnar á tíma og þarfnast endurnýjunar og eru þar að auki ekki nógu öflugar til að geta framleitt næga orku fyrir svæðið. Mjög mikilvægt er að byggja upp varaafli á Vesturlandi á meðan afhendingaröryggi er ekki nægjanlegt. Þetta á sérstaklega við í Dölum og á Snæfellsnesi.

- **Haustþing SSV fagnar þeim skrefum sem Rarik hefur tekið við að endurnýja dreifikerfi með lagningu jarðstrengja í dreifbýli á**

Vesturlandi og þrífösun, en hvetur til þess að verkefninu verði framhaldið.

Vinna þarf áfram að endurnýjun loftlínukerfis með jarðstrengjum í dreifbýli á Vesturlandi til að tryggja afhendingaröryggi rafmagns. Þá er nauðsynlegt að flýta framkvæmdum við þrífösun á rafmagni í dreifbýli til þess að styðja við byggðapróun og stuðla að því að landbúnaður nái að þróast í takt við tímann og ferðapjónusta geti eflst í dreifbýli.

- **Haustþing SSV skorar á sveitarfélög á Vesturlandi að auðvelda skipulagsferli vegna smávirkjana með því að marka um það stefnu í aðalskipulagi.**

Sveitarfélög marka í aðalskipulagi stefnu um landnotkun og byggðapróun. Sveitarfélög geta sett fram heimildir til uppsetningar smávirkjana allt að 500 kW, sbr. gr. 4.3.1. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, k-liður, *Stakar framkvæmdir*. Slíkar heimildir má tengja tiltekinni landnotkun eða öðrum aðstæðum og setja frekari skipulagsforsendur.

Smávirkjanir eru tilkynningaskyldar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og því er tryggt að gætt sé að umhverfissjónarmiðum óháð breytingum á aðalskipulagi, auk þess sem grenndarhagsmunir eru varðir með áskilnaði um deiliskipulagsferli. Með slíkri heimild má einfalda stjórnsýsluferli fyrir smávirkjanir. Smávirkjanir í dreifbýli eru mikilvægar fyrir rafvæðingu landbúnaðartækja og önnur orkuskipti í landbúnaði.

- **Haustþing SSV skorar á Alþingi að hugað verði að skattlagningu orkumannvirkja sem liggja um dreifðar byggðir sveitarfélaganna til að tryggja nærsamfélaginu ávinning af orkuvinnslu.**

Í ljósi lagningar á háspennulínunum þá verði farið í að skilgreina helgunarsvæði lína og mannvirkja sem t.d. lóðir sem annaðhvort eru umráðaland eða eign eigenda orkumannvirkja. Þannig verði þessi gæði, við að heimila orkumannvirki í gegnum sveitarfélögin, til þess að skila skatttekjum, s.s. fasteignaskatti til sveitarfélaganna. Mætti líkja þessu við fasteignamat og skattlagningu á laxveiðihlunnindum.

Húsnæðismál

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að stuðla að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni.**

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að útfæra með markvissum hætti umgjörð, stuðning og framlög til húsnæðismála, þannig að það nýtist einnig við uppbyggingu íbúðahúsnæðis í dreifbýli.

Skorað er á ráðamenn að beita sér fyrir úrræðum sem styðja við byggingu íbúðahúsnæðis á landsbyggðinni, með sérstakri áherslu á úrræði fyrir uppbyggingu í dreifbýli, sem styður t.d. við nýliðun í landbúnaði, búsetuúrræði fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu og húsnæði fyrir fólk sem getur og vill velja sér búsetu í dreifbýli burt séð frá staðsetningu á atvinnu.

Það er ljóst að til þess að fólk geti búið og starfað um allt land, þá þarf að vera aðgangur að viðunandi húsnæði á öllum stöðum. Uppbygging íbúðarhúsnæðis á landsbyggðinni hefur ekki fylgt auknum íbúafjölda eða eftirspurn eftir vinnuafli, svo dæmi eru um að skortur á íbúðarhúsnæði hafi staðið atvinnuuppbyggingu og þjónustu fyrir þrifum.

Forsenda uppbyggingar er efnahagslegur stöðugleiki. Óstöðugt efnahagsástand og háir vextir eru hamlandi uppbyggingu og gera fjárfestingu í íbúðarhúsnæði nánast ómögulega. Sérstaklega fyrir ungt fólk, tekjulága hópa og vegna uppbyggingar á veikari markaðssvæðum.

Til dæmis mætti skoða nýja lánaflokka hjá Íbúðalánasjóði eða Byggðastofnun til að auðvelda fjármögnun til uppbyggingar og verkefna á landsbyggðinni. Auk aðgerða til að tryggja íbúum landsbyggðarinnar aðgengi að fjármagni á sambærilegum kjörum og fást á virkari markaðssvæðum.

- **Haustþing SSV fagnar því frumkvæði Byggðastofnunar að þróa og hrinda í framkvæmd byggingu á atvinnuhúsnæði í Búðardal í samvinnu við áttaha-fjárfestingarfélag á staðnum. Mikilvægt er í framhaldinu, að móta frekar aðkomu Byggðastofnunar að því að byggja og reka atvinnuhúsnæði í byggðarlögum þar sem skortur er á slíku húsnæði.**

Víða á landsbyggðinni er markaðsbrestur vegna uppbyggingar á atvinnuhúsnæði til kaups eða leigu. Aðgengi og framboð á atvinnuhúsnæði hamlar því víða atvinnuuppbyggingu og fjölgun atvinnutækifæra. Mikilvægt er að bæta úr skorti á atvinnuhúsnæði á þessum stöðum, þannig að þar sé hægt að endurgera eða byggja atvinnuhúsnæði á samkeppnishæfu verði, sem hægt er að selja eða leigja.

Haustþing SSV skorar á stjórnvöld og Byggðastofnun að beita sér fyrir úrræðum og stuðningi eða verkefnum sem styðja við uppbyggingu á atvinnuhúsnæði á þeim svæðum þar sem markaðsverð atvinnuhúsnæðis stendur ekki undir kostnaði við nýbyggingu. Mikilvægt er að þróunarverkefnið í Búðardal verði til að móta frekar aðkomu Byggðastofnunar að því að byggja og reka atvinnuhúsnæði. Það verður þó ekki eingöngu gert fyrir sjálfsaflafé Byggðastofnunar, heldur með framlögum á byggðaaáætlun til slíkra verkefna. Horfa má einnig í ríkari mæli til aðkomu áttaha-fjárfestingarfélaga, líkt og í verkefninu í Búðardal.

- **Haustþing SSV skorar á stjórnvöld að breyta reglum um hlutdeildarlán, þannig að þau gildi ekki einungis um kaup á nýju húsnæði.**

Hlutdeildarlán eru nú veitt til kaupa á nýjum íbúðum og standa til boða fyrir fyrstu kaupendum og þau sem ekki hafa átt íbúð sl. fimm ár og eru undir tilteknum tekjumörkum. Lánunum er því ætlað að auðvelda fólki að brúa bilið við fasteignakaup og komast inn á húsnæðismarkaðinn.

Mikilvægt er að þessi fyrirgreiðsla geti líka nýst þeim sem hyggjast kaupa eldra húsnæði að því gefnu að það húsnæði standist gefnar gæðakröfur, þannig að þessi lán geti líka nýst fyrstu kaupendum sem vilja fjárfesta í notuðu húsnæði.